

Frumvarp til laga

um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði
eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja fjárfestavernd með fullnægjandi og samræmdri upplýsingagjöf við almenn útboð verðbréfa og við töku þeirra til viðskipta á skipulegum markaði.

2. gr.

Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92 frá 14. nóvember 2019, bls. 72, skulu hafa laga-gildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 frá 29. mars 2019 sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 12. september 2019, bls. 1, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

3. gr.

Undanþága.

Almenn útboð verðbréfa þar sem heildarfjárhæð útboðs er lægri en jafnvirði 8.000.000 evra í íslenskum krónum og útboðið er ekki tilkynningarskylt í samræmi við 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 eru undanþegin skyldu til að birta lýsingu.

Almenn útboð verðbréfa sem undanþegin eru birtingu skv. 1. mgr. ber að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins.

Fjárhæðarmark skv. 1. mgr. miðast við samanlagt markaðsverðmæti útboðs eða útboða verðbréfa af sömu tegund yfir 12 mánaða tímabil.

Fjárhæðir í lögum þessum eru reiknaðar miðað við opinbert viðmiðunargengi evru, kaupgengi, eins og það er skráð hverju sinni.

4. gr.

Ábyrgð á lýsingu.

Ábyrgð vegna upplýsinga sem veittar eru í lýsingu og viðaukum við hana hvílir á útgefanda eða stjórn, framkvæmdar- eða eftirlitsstjórn hans, tilboðsgjafa, þeim sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða ábyrgðaraðila, eftir því sem við á. Ábyrgð á efni lýsingar í heild sinni skal ávallt hvíla á a.m.k. einum aðila, en einstakir aðilar geta borið ábyrgð á einstökum hlutum hennar, með viðkomandi aðila.

Þeir sem bera ábyrgð á lýsingu skulu tilgreindir með skýrum hætti í lýsingunni með nafni og stöðu eða, ef um er að ræða lögaðila, nafni og skráðri skrifstofu. Þar að auki skal fylgja yfirlýsing frá þeim þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingar í lýsingunni í samræmi við staðreyndir og að ekki sé neinum upplýsingum sleppt sem kynnu að skipta máli varðandi áreiðanleika lýsingarinnar.

Þeir sem bera ábyrgð á lýsingu geta meðal annars sætt skaðabótaábyrgð á efni lýsingar samkvæmt almennum reglum þar um sem og ábyrgð á grundvelli annarra viðurlaga svo sem á grundvelli viðurlagaákvæða laga þessara. Aðili getur ekki sætt skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þar að lútandi eingöngu á grundvelli samantektar, þar á meðal þýðingar á henni, nema samantektin sé villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, þar á meðal lykilupplýsingarnar sem eiga að aðstoða fjárfesta þegar þeir taka ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum. Samantektin skal hafa að geyma viðvörðun þess efnis.

5. gr.

Umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingum.

Fjármálaefirtæki sem hefur til þess heimild samkvæmt starfsleyfi sínu skal hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa og töku til viðskipta á skipulegum markaði sem ekki eru undanþegin skyldu til að birta lýsingu.

Nú tekur fjármálaefirtæki að sér sölutryggingu í tengslum við almennt útboð og skal þá litið svo á að það ábyrgist einungis að fullnægjandi áskrift fái til að útboðið takist, nema um annað sé sérstaklega samið.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með staðfestingu á lýsingum. Óheimilt er að birta lýsingu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur staðfest hana.

6. gr.

Almennt eftirlit og eftirlitsheimildir.

Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi og laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana til þess að tryggja að farið sé að lögum þessum:

1. Krefjast þess að útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði veiti viðbótarupplýsingar í lýsingunni, sé þess þörf til að tryggja fjárfestavernd.
2. Krefjast þess að útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, sem og þeir sem hafa yfirráð yfir honum eða eru undir yfirráðum hans, leggi fram upplýsingar og skjöl á því formi sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.

3. Krefjast þess að endurskoðandi og stjórnendur viðkomandi útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði, sem og fjármálamilliliða sem falið er að sjá um almenn útboð eða sækja um töku til viðskipta á skipulegum markaði, veiti upplýsingar á því formi sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
4. Stöðva tímabundið almennt útboð eða töku til viðskipta á skipulegum markaði, í að hámarki tíu virka daga samfellt í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum laga þessara.
5. Banna eða stöðva tímabundið auglýsingar eða krefjast þess af útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði, eða viðkomandi fjármálamilliliðum að þeir hætti eða hætti tímabundið að auglýsa, í að hámarki tíu virka daga samfellt í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum laga þessara.
6. Banna almennt útboð eða töku til viðskipta á skipulegum markaði telji Fjármálaeftirlitið að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara eða ef rökstuddur grunur er um brot gegn þeim.
7. Stöðva tímabundið eða krefjast þess af viðkomandi skipulegum verðbréfamörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulögðum markaðstorgum að hann eða það stöðvi tímabundið viðskipti á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulögðum viðskiptavettvangi, í að hámarki tíu virka daga samfellt í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum laga þessara.
8. Leggja bann við viðskiptum á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulögðum viðskiptavettvangi komist Fjármálaeftirlitið að því að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara.
9. Að gera opinbert að útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði uppfylli ekki skuldbindingar sínar.
10. Að synja staðfestingu lýsingar sem gerð er af tilteknum útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði í að hámarki fimm ár, ef sá hinn sami hefur ítrekað brotið alvarlega gegn ákvæðum laga þessara.
11. Birta, eða að krefjast þess af útgefandanum að hann birti, allar veigamiklar upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á mat verðbréfa sem boðin eru út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, í því skyni að tryggja fjárfestavernd eða eðlilega starfsemi markaðarins.
12. Stöðva tímabundið eða krefjast þess af viðkomandi skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegum viðskiptavettvangi að hann eða það stöðvi tímabundið viðskipti með verðbréf ef Fjármálaeftirlitið metur aðstæður útgefandans sem svo að viðskiptin myndu skaða hagsmuni fjárfesta.
13. Gera vettvangsathuganir eða vettvangsrannsóknir á öðrum stöðum en heimilum einstaklinga í þeim tilgangi að fara inn á athafnasvæði til að fá aðgang að skjölum og öðrum gögnum á hvaða formi sem er.

Þóknun fyrir staðfestingu á lýsingum og viðaukum við þær, skráningu á endanlegum skilmálum, almennri útgefandalýsingu og breytingum á henni og eftirlitsverkefni í tengslum við athugun á auglýsingum lýsinga skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu.

7. gr.

Upplýsingagjöf.

Um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins, fer samkvæmt ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast vitneskju um við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá málarekstri, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir dómsmál, á meðan á því stendur eða eftir lok þess, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

8. gr.

Aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómur og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

9. gr.

Tilkynningar um brot.

Fjármálafyrirtæki sem hafa umsjón með útboði verðbréfa og töku þeirra til viðskipta á skipulegum markaði skulu hafa ferla til að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna þess um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum þessum. Ferlarnir skulu vera aðskildir frá öðrum ferlum innan fyrirtækisins.

Einstaklingur sem tekur við tilkynningum skv. 1. mgr. og sér um vinnslu þeirra skal búa við sjálfstæði í störfum og tryggt skal að hann hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem honum eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt skyldum sínum.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr., þ.m.t. um viðtöku og vinnslu tilkynninga.

10. gr.

Vernd starfsmanns vegna tilkynningar um brot í starfsemi.

Þeir sem taka við tilkynningum skv. 9. gr. og sjá um vinnslu þeirra eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningunum. Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og einnig utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til Fjármálaeftirlitsins og til lögreglu.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum þessum gegn því að hann sæti misrétti sem rekja má til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Brjótí eftirlitsskyldur aðili gegn skyldu sinni skv. 2. mgr. skal hann greiða starfsmanni skaðabætur samkvæmt almennum reglum. Þetta tekur bæði til beins fjártjóns og miska.

Skyldur og réttindi samkvæmt þessari grein eru ófrávíkjanleg og óheimilt er að takmarka þau í ráðningarsamningi á milli starfsmanns og fyrirtækis.

11. gr.

Úrbótakrafa vegna brots.

Komi í ljós að ákvæðum laga þessara sé ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

12. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129:

1. 3. gr. um skyldu til að birta lýsingu og undanþágur, sbr. 3. gr. laga þessara.
2. 5. gr. um síðari endursölu verðbréfa.
3. 6. gr. um lýsingu.
4. 7. gr. um samantekt lýsingar.
5. 8. gr. um grunnlýsingu.
6. 9. gr. um almenna útgefandalýsingu.
7. 10. gr. um lýsingar sem samanstanda af aðskildum skjölum.
8. 1. eða 3. mgr. 11. gr. um ábyrgð á lýsingu, sbr. 4. gr. laga þessara.
9. 1. eða 2. mgr. 14. gr. um einfaldað fyrirkomulag upplýsingagjafar vegna síðari útgáfa.
10. 1. mgr. 15. gr. um ESB-vaxtarlýsingu.
11. 1., 2. eða 3. mgr. 16. gr. um áhættuþætti.
12. 17. gr. um endanlegt útboðsverð og verðbréfamagn.
13. 18. gr. um upplýsingar sem er sleppt.
14. 1., 2. eða 3. mgr. 19. gr. um upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun.
15. 1. mgr. 20. gr. um athugun og staðfestingu lýsingar.
16. 1., 2., 3., 4., 7., 8., 9., 10. eða 11. mgr. 21. gr. um birtingu lýsingar.
17. 2., 3., 4. eða 5. mgr. 22. gr. um auglýsingar.
18. 1., 2., 3. eða 5. mgr. 23. gr. um viðauka við lýsingu.
19. 27. gr. um notkun tungumáls.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem fer ekki að kröfum þess um samstarf við rannsókn í tengslum við eftirlit eða beiðni, skv. 4. gr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 110 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 3% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 3% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt að ákvarða lögaðila eða einstaklingi stjórnvaldssekt sem nemur allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur af brotinu nemur.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skal m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t.:

- a. alvarleika brots og tímalengdar þess,
- b. ábyrgð hins brotlega einstaklings eða lögaðila,
- c. fjárhagslegs styrks hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af heildarveltu lögaðila eða árstekjum eða hreinnar eignar brotlegs einstaklings,
- d. mikilvægis hagnaðar hins brotlega eða taps sem hann kemst hjá, eða taps þriðju aðila, af brotinu, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt,
- e. áhrifa brotsins á hagsmuni almennra fjárfesta,
- f. samstarfsvilja hins brotlega, án þess að hafa áhrif á þörfina á að tryggja að sá hinn sami endurgreiði hagnað sinn af brotinu, eða tap sem hann komst hjá með brotinu,
- g. fyrri brota hins brotlega og

h. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til eftir að brotið var framið til að koma í veg fyrir endurtekningu þess.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

13. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd 1. mgr.

14. gr.

Réttur grunaðs manns.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur sá, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

15. gr.

Frestur til að leggja á stjórnsluviðurlög.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.

16. gr.

Refsing við broti.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129:

1. 3. gr. um almennt útboð verðbréfa og lýsingu,
2. 5. gr. um síðari endursölu verðbréfa.
3. 6. gr. um upplýsingar í lýsingu.
4. 1., 2., 3. eða 5. mgr. 23. gr. um viðauka við lýsingu.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara sem varða refsingu.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan

aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmáður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

17. gr.

Kæra til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot er meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa því til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot styðst við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hefur verið aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann vísað málinu til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

18. gr.

Opinber birting stjórnsýsluviðurlaga.

Fjármálaeftirlitið skal, án tafar, birta á vef sínum sérhverja niðurstöðu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laga þessara í kjölfar þess að hinum brotlega hefur verið tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega.

Telji Fjármálaeftirlitið að opinber birting á nafni hins brotlega, annarra lögaðila eða einstaklinga sem kemur fram í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins samræmist ekki meðalhófsreglu eða að birting geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn þá getur Fjármálaeftirlitið:

- frestað birtingu niðurstöðunnar þar til ástæður fyrir að birta hana ekki eru ekki lengur til staðar eða
- birt niðurstöðu án þess að tilgreina nafn hins brotlega eða annarra lögaðila eða einstaklinga sem koma fram í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur þó ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef eftirlitið telur að birting skv. a- eða b-lið sé ófullnægjandi til að tryggja að stöðugleika fjármálamarkaða sé ekki stofnað í

hættu og til að tryggja meðalhóf við birtingu slíkra ákvarðana sé um að ræða ráðstafanir sem teljast minniháttar.

Í tilviki nafnlausrar birtingar niðurstöðu skv. b-lið 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta nafn viðkomandi þegar ástæður fyrir nafnleynd eiga ekki lengur við.

Fjármálaeftirlitið skal birta upplýsingar á vef sínum ef höfðað er mál fyrir dómstólum til ógildingar á ákvörðun þess um beitingu viðurlaga vegna brota. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur birta upplýsingar um lyktir málsins á hverju dómssstigi. Afturkalli Fjármálaeftirlitið ákvörðun sína um beitingu viðurlaga skal Fjármálaeftirlitið upplýsa um það á vef sínum.

Niðurstöður um beitingu stjórnsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laga þessara skulu birtar á vef Fjármálaeftirlitsins í að lágmarki fimm ár. Persónuupplýsingar sem koma fram í niðurstöðunum skulu ekki vera birtar lengur en nauðsynlegt getur talist í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samhliða birtingu á niðurstöðu á vef Fjármálaeftirlitsins skal Fjármálaeftirlitið upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um birtinguna. Fjármálaeftirlitið skal einnig tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar niðurstöður um beitingu stjórnsluviðurlaga í þeim tilvikum þegar Fjármálaeftirlitið ákveður að birta ekki slíkar niðurstöður. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur tilkynna stofnuninni ef höfðað er mál til ógildingar á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um beitingu viðurlaga og um lyktir málsins á hverju dómssstigi. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um alla dóma sem falla í málum þar sem refsingum er beitt vegna brota á þessum lögum.

Fjármálaeftirlitið skal árlega senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samantekt um beitingu stjórnsluviðurlaga. Þá skal Fjármálaeftirlitið árlega senda stofnuninni ópersónugreinanlegar upplýsingar á samandregnu formi um kærur til lögreglu og niðurstöður slíkra mála.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtingar samkvæmt þessari grein.

Seðlabanki Íslands birtir reglur um form og efni tilkynninga til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Reglugerðar- og regluheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129, um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 7. mgr. 1. gr. um efni skjala sem gefin eru út í tengslum við almenn útboð verðbréfa og töku til viðskipta í tengslum við samruna eða skiptingu fyrirtækja.
2. 14. mgr. 9. gr. um athugun, staðfestingu og skráningu alþjóðlegrar útgefandalýsingar.
3. 1. og 2. mgr. 13. gr. um efni og framsetningu lýsinga.
4. 3. mgr. 14. gr. um upplýsingagjöf vegna síðari útgáfu.
5. 2. mgr. 15. gr. um ESB-vaxtarlýsingu.
6. 5. mgr. 16. gr. um mat á sértæki og mikilvægi áhættuþátta.
7. 11. mgr. 20. gr. um athugun og staðfestingu lýsinga.
8. 3. mgr. 29. gr. um lýsingar verðbréfa frá þriðju löndum.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129, um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 2. mgr. 3. gr. um form og fyrirkomulag tilkynninga vegna almenns útboðs verðbréfa í þeim tilvikum þegar verðmæti þeirra er á bilinu 1.000.000–8.000.000 evra.

2. 13. mgr. 7. gr. um efni og framsetningu lykilfjárhagsupplýsinga í samantekt lýsinga.
3. 4. mgr. 18. gr. um undanþágu frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu.
4. 4. mgr. 19. gr. um upplýsingar sem fella má inn í lýsingu með tilvísun.
5. 12. og 13. mgr. 21. gr. um birtingu og flokka lýsinga.
6. 9. mgr. 22. gr. um auglýsingar verðbréfa.
7. 7. mgr. 23. gr. um viðauka við lýsingar.
8. 7. mgr. 25. gr. um tilkynningagátt.
9. 4. mgr. 30. gr. um samstarf við þriðju lönd.
10. 3. mgr. 29. gr. um samstarf milli lögbærra yfirvalda.

20. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2020.

21. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum:

- a. VI. kafli laganna, **Útboð og taka verðbréfa til víðskipta**, fellur brott.
- b. 134. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn.
- c. 1.–3. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna fellur brott.
- d. 1.–4. tölul. 1. mgr. 145. gr. laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lýsingar verðbréfa sem staðfestar eru í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu fram til 21. júlí 2020.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði verðbréfa eða tekin til víðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (lýsingarreglugerðin). Reglugerðin gekk í gildi innan Evrópusambandsins 20. júlí 2017 og var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 frá 29. mars 2019.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Lagt er til að lýsingarreglugerðin verði tekin upp í íslenskan rétt með svokallaðri tilvísunaraðferð og þá að fullu innleidd samkvæmt orðanna hljóðan í samræmi við a-lið 7. gr. EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Lýsingarreglugerðin felur í sér endurskoðun á eldra regluverki tilskipunar 2003/71/EB, með síðari breytingum. Endurskoðunin fór fram sem hluti af aðgerðaáætlun ESB um að koma á fót sambandi fjármagnsmarkaða (e. Capital Markets Union). Markmiðið með sambandi fjármagnsmarkaða er að auðvelda fyrirtækjum að sækja fjármagn innan Evrópusambandsins, gera markaði skilvirkari og bjóða fjárfestum og sparifjáreigendum fleiri valkosti til að ávaxta fjármuni sína, í þeim tilgangi að auka vöxt og skapa störf. Mat ESB á framkvæmd fyrri regluverks

leiddi í ljós þörf á breytingum á fyrirkomulagi lýsinga innan EES til að einfalda og bæta beitingu þeirra, auka skilvirkni og efla alþjóðlega samkeppnishæfni innan EES og draga úr íþyngjandi stjórnsýslumeðferð. Með því að færa regluverk lýsinga yfir í reglugerðarform er stuðlað að samræmdri beitingu reglna sem leggja með beinum hætti skyldur á aðila að almennum útboðum á verðbréfum og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði. Markmið reglugerðarinnar er, eins og eldri tilskipunar, að tryggja fjárfestavernd og skilvirkni markaða samhliða því að efla fjármagnsmarkað innan Evrópska efnahagssvæðisins. Greiða á aðgengi fyrirtækja að fjármögnun, þá sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í því skyni einfaldar reglugerðin reglur og stjórnsýslumeðferð.

Gert er ráð fyrir að undirgerðir lýsingarreglugerðarinnar verði teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra og reglum Seðlabanka Íslands.

3. Meginefni frumvarpsins.

Ætlunin er að setja ný heildarlög um lýsingar verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Jafnframt er lagt til að tiltekin ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, falli brott. Meginefni frumvarpsins er lögfesting reglugerðarinnar og nauðsynlegra ákvæða þar að lútandi, svo sem um gildissvið, hvernig eftirlit fari fram, um heimildir eftirlitsaðila til upplýsingaöflunar, aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, viðurlagaákvæði, kæru til lögreglu og heimild ráðherra til að setja reglugerðir og Seðlabanka Íslands til að setja reglur.

3.1. Helstu breytingar frá gildandi rétti.

3.1.1. Gildissvið.

Ákvæði lýsingarreglugerðarinnar gilda ekki um útboð verðbréfa ef samtals jafnvirði þess í íslenskum krónum er minna en 1.000.000 evrur, en í eldri Evrópureglum um sama efni, þ.e. tilskipun 2003/71/EB með síðari breytingum, var miðað við 100.000 evrur. Ástæða var talin til að hækka viðmiðunarfjárhæðina þar sem kostnaður við gerð lýsingar fyrir útboð verðbréfa undir 1.000.000 evra getur verið óhóflegur miðað við fyrirséðan ávinning af útboðinu. Breytingin miðar að því að auðveldara og ódýrara verði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að afla fjármagns innan EES. Aðildarríki geta þó sett kröfur um aðra upplýsingagjöf í landslög, að því marki sem það leiðir ekki til óþarfa byrða við slík útboð verðbréfa.

Jafnframt er aðildarríkjum gefinn kostur á að undanskilja útboð á verðbréfum undir allt að 8.000.000 evra frá skyldu til þess að birta lýsingu. Í innlendri löggjöf er viðmiðunarfjárhæðin 5.000.000 evra, skv. 7. tölul. 2. mgr. 42. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, sbr. reglugerð nr. 837/2013 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 2.500.000 evra til 5.000.000 evra í íslenskum krónum gildir reglugerð nr. 836/2013, með síðari breytingum. Lagt er til að lagastofnunarreglugerðarinnar falli brott og er ekki gert ráð fyrir að þær haldi gildi sínu. Er því lagt til að almenn útboð undir 8.000.000 evra í íslenskum krónum verði undanþegin frá skyldu til að birta lýsingu, en Seðlabanka Íslands verði veitt regluheimild til að kveða á form og fyrirkomulag tilkynninga almennra útboða verðbréfa þegar verðmæti þeirra er á bilinu 1.000.000 evra til 8.000.000 evra í íslenskum krónum.

3.1.2. ESB-vaxtarlýsing.

Lýsingarreglugerðin kveður á um nýja og einfaldari tegund lýsingar, ESB-vaxtarlýsingu. Henni er ætlað að minnka kröfur um upplýsingagjöf í lýsingum vegna smárra útgáfa verðbréfa

óskráðra fyrirtækja eða útboðs verðbréfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem skráð eru á vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, með það að leiðarljósi að eðlilegt hlutfall sé milli stærðar fyrirtækis og fjármögnunarþarfar þess annars vegar og kostnaðarins við gerð lýsingar hins vegar.

3.1.3. Einfaldara fyrirkomulag vegna síðari útgáfa.

Fyrirtæki sem skráð eru á skipulegan markað og vilja gefa út verðbréf sem eru jafngeng þegar útgefnum verðbréfum eða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd geta nýtt sér einfaldaða lýsingu.

3.1.4. Skjótara og einfaldara ferli fyrir tíða útgefendur.

Tíðum útgefendum, þ.e. útgefendum sem gefa reglulega eða oft út verðbréf, gefst kostur á að semja útgefandalýsingu í formi almennrar útgefandalýsingar sem lýsir öllum nauðsynlegum upplýsingum um viðkomandi fyrirtæki. Þeir sem teljast vera tíðir útgefendur njóta hraðara staðfestingarferlis eða fimm virkra daga í stað tíu fyrir hver lýsingardrög.

3.1.5. Aðgengi að öllum lýsingum innan EES.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnun mun birta á vef sínum og veita endurgjaldslaust aðgengi að öllum lýsingum sem staðfestar eru af lögbærum yfirvöldum innan EES. Þá verður ekki lengur gerður áskilnaður um pappírseintök, nema hugsanlegur fjárfestir óski eftir þeim.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Um er að ræða upptöku á efnisákvæðum lýsingarreglugerðarinnar í íslenskan rétt sem felur í sér framsal valdheimilda til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ekki verður talið að eðli þeirra framsalshheimilda sé verulega íþyngjandi eða umfram það sem áður hefur verið talið heimilt vegna EES-samningsins, sbr. 4. kafli greinargerðar frumvarps til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði sem lagt var fram á 146. lögþ. (þskj. 301, 217. mál) og varð að lögum nr. 24/2017.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við Fjármálaeftirlitið. Frumvarpsdrög voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is í október 2019 og barst ein umsögn frá Nasdaq á Íslandi. Í þeim drögum sem birt voru í samráðsgáttinni var lagt til að viðmiðunarmörk vegna undanþágu frá útgáfu lýsingar í 3. gr. yrðu 5.000.000 evra líkt og í gildandi lögum. Í umsögn Kauphallarinnar var lagt til að viðmiðunarmörkin yrðu hækkuð úr 5.000.000 evra í 8.000.000 evra í íslenskum krónum, þar sem líklegt verði að telja að hærri mörk muni auðvelda fyrirtækjum að sækja sér fjármagn á markaði. Jafnframt væru viðmiðunarmörkin í helstu nágrannalöndum Íslands, sem þegar hafa innleitt lýsingarreglugerðina í innlendan rétt, 8.000.000 evra. Meðal annars með hliðsjón af umsögninni var ákveðið að hækka viðmiðunarmörkin, sbr. umfjöllun um 3. gr.

6. Mat á áhrifum.

Lagðar eru til breytingar á regluverki lýsinga verðbréfa sem miða að því að tryggja fjárfestavernd og einfalda stjórnarsýslumeðferð og munu þær ekki taka til almennra útboða verðbréfa ef samtals jafnvirði þeirra í íslenskum krónum er lægra en 8.000.000 evra en í dag er miðað við 2.500.000 evra. Breytingin mun leiða til þess að færri aðilar þurfa að semja lýsingar.

Þá er lagt til að komið verði á fót nýrri flýtimeðferð fyrir tíða útgefendur og einfaldara lýsingarform fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Breytingarnar munu gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum og tímum útgefendum verðbréfa auðveldara að sækja fjármagn innan EES. Þá munu breytingarnar auka skilvirkni við útgáfu lýsinga verðbréfa, draga úr íþyngjandi stjórnsýslumeðferð og efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja innan EES. Loks má ætla að almenn útgefandalýsing verði til hagsbóta fyrir tíða útgefendur.

Hvorki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum á stjórnsýslu né að útgjöld ríkisins aukist vegna innleiðingar reglugerðarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram það markmið að tryggja fjárfestavernd með fullnægjandi og samræmdri upplýsingagjöf við almenn útboð verðbréfa og við töku þeirra til viðskipta á skipulegum markaði.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði verðbréfa eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (lýsingarreglugerðin), eins og hún hefur verið aðlöguð og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019, skuli hafa lagagildi hér á landi.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um undanþágu frá skyldu til að birta lýsingu. Skv. 2. mgr. 3. gr. lýsingarreglugerðarinnar er aðildarríkjum gefinn kostur á að undanskilja útboð á verðbréfum sem eru lægri en jafnvirði 8.000.000 evra í íslenskum krónum frá skyldunni til að birta lýsingu. Aðildarríkjum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni hvort og hvernig þau ákveða að beita undanþágunni. Í gildandi lögum eru viðmið-unarmörkin 5.000.000 evra í íslenskum krónum skv. 7. tölul. 2. mgr. 42. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, sbr. reglugerð nr. 837/2013 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá gildir reglugerð nr. 836/2013, með síðari breytingum, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 2.500.000 evra til 5.000.000 evra í íslenskum krónum. Lagt er til að lagastoð fyrrnefndra reglugerða falli brott og er ekki gert ráð fyrir að þær haldi gildi sínu. Lagt er til að undanþága frá útgáfu lýsingar verðbréfa verði rýmkuð þannig að að almenn útboð verðbréfa undir 8.000.000 evrum í íslenskum krónum verði alfarið undanþegin frá skyldu til að birta lýsingu, en almenn útboð verðbréfa þar sem verðmæti þeirra er á bilinu 1.000.000–8.000.000 evra verði tilkynningarskyld til Fjármálaeftirlitsins. Seðlabanka Íslands verður falið skv. 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. að setja reglur um form og fyrirkomulag slíkra tilkynninga. Með „samanlagt markaðsverðmæti útboðs“ er átt við heildarfjárhæð útboðsins en ekki heildarskráningu þess.

Hafa ber þó í huga að skv. 4. gr. lýsingarreglugerðarinnar er útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði heimilt að semja lýsingu að eigin ósk í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Undanþágan raskar ekki þeirri heimild.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um ábyrgð á upplýsingum í lýsingum, en skv. 11. gr. lýsingarreglugerðarinnar ber aðildarríkjum að tilgreina þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum sem veittar eru í lýsingu og viðaukum við hana. Ákvæðið er samhljóða 3. gr. gildandi reglugerðar nr. 837/2013, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem fellur brott við gildistöku laga þessara.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingu. 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 51. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Þá er ábyrgð sölutryggingar í tengslum við almennt útboð afmörkuð. Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrir fram ákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði. Skilgreiningu á sölutryggingu er í dag að finna í 1. mgr. 51. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Telja verður heppilegra að henni verði fundinn staður í skilgreiningarákvæði nýrra laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um 6. gr.

Samkvæmt 31. gr. lýsingarreglugerðarinnar ber aðildarríkjum að tilgreina hvaða stjórnvald telst lögbært yfirvald til að hafa eftirlit í ríkinu. Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið það hlutverk. Í 1. mgr. segir að Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annist eftirlit í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Einnig ber að líta til samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls en um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits er fjallað í 25. gr. a í þeim samningi og bókun 8 við hann.

Í 2. mgr. kemur fram að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fari nánar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið aðstoði Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eftir föngum við framkvæmd eftirlits. Sú skylda leiðir af þjóðréttarlegum skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum í samræmi við upptöku reglugerðanna þriggja um evrópskar eftirlitsstofnanir, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, og annarri löggjöf á sviði fjármálastarfsemi.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita. Ákvæðið tekur mið af 32. gr. lýsingarreglugerðarinnar en samkvæmt ákvæðinu ber ríkjum að tryggja lögbærum yfirvöldum þær lágmarks eftirlits- og rannsóknarheimildir sem taldar eru upp í ákvæðinu. Sumar heimildir ganga skemur heldur en þær almennu eftirlitsheimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Nefna má að skv. n-lið 32. gr. lýsingarreglugerðarinnar ber að tryggja lögbæru yfirvaldi heimild til að gera vettvangsathuganir eða vettvangsrannsóknir á öðrum stöðum en einkaheimilum einstaklinga, og í þeim tilgangi að fara inn á athafnasvæði til að fá aðgang að skjölum og öðrum gögnum á hvaða formi sem er, sé rökstuddur grunur um að skjölin eða önnur gögn í tengslum við efni athugunarinnar eða rannsóknarinnar gætu skipt máli við að sýna fram á brot gegn þessari reglugerð. Skv. 9. gr. laga nr. 87/1998 er heimild Fjármálaeftirlitsins til að gera vettvangsathuganir og kalla eftir öllum upplýsingum og gögnum sem það telur nauðsynlegt ekki bundið því að uppi sé rökstuddur grunur um brot. Er því lagt til að

32. gr. lýsingarreglugerðarinnar verði innleidd án þess að takmarkaðar séu almennar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að framkvæma vettvangsathuganir á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með yferráðum skv. 2. tölul. 3. mgr. er átt við yferráð líkt og þau eru skilgreind í 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Í 4. mgr. ákvæðisins er Fjármálaeftirlitinu falið að ákveða þóknun fyrir tiltekin verkefni sem leiða af lögum þessum og teljast sértækar aðgerðir í skilningi 7. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999.

Um 7. gr.

Með greininni er Fjármálaeftirlitinu, öðrum stjórnvöldum og eftir atvikum einstaklingum og lögaðilum veitt heimild til að veita evrópskum eftirlitsstofnunum upplýsingar og gögn, enda þótt þagnarskylda kunni að gilda, sé það í þágu framkvæmdar. Nauðsynlegt er að áréttta að skylda kann að hvíla á Fjármálaeftirlitinu eða öðrum að veita slíkar upplýsingar svo fremi beiðni hvíla á skýrum lagagrundvelli eða öðrum tilhlýðilegum lagagrunni.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins og tryggt að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA verða fullnustaðar með atbeina íslenskra stjórnvalda. Í 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er gerður lagaáskilnaður um aðfararhæfi krafna samkvæmt úrlausnum erlendra dómstóla og yfirvalda. Í ákvæðinu kemur fram að úrlausnir eða ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sættir gerðar fyrir þeim séu aðfararhæfar ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfu talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi. Að öðru leyti gilda löggin um aðför um fullnustu ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

Um 9. og 10. gr.

Ákvæðin byggjast á 41. gr. lýsingarreglugerðarinnar og fjalla um tilkynningar starfsmanna um brot í starfi og vernd starfsmanna vegna slíkra tilkynninga. Sambærileg ákvæði er að finna í 60. gr. a og 60. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um úrbótakröfu vegna brots. Ákvæðið er áréttning á heimildum sem telja verður að eftirlitsaðilar hafi almennt í krafti eftirlitsskyldu sinnar gagnvart tilkynningarskyldum aðilum og er sambærilegt 1. mgr. 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota. Greinin tekur mið af þeim heimildum sem fram koma í 141. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 sem fjallar um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

Í 1. mgr. eru talin upp þau tilvik sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum sem fram koma í ákveðnum greinum reglugerðar (ESB) 2017/1179. Hér er lagt til að eftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir bæði á einstaklinga og lögaðila sem brjóta gegn þeim ákvæðum sem fram koma í viðkomandi

greinum, enda geta einstaklingar fallið undir skilgreiningu reglugerðarinnar á hæfum fjárfestum.

Heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt vegna brota gegn ákvæðum um tilkynningar til eftirlitsins eiga við hvort sem ekki er tilkynnt eða tilkynnt er of seint.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að ljúka málum með sátt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um er að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Ákvæðið er samhljóða 142. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um rétt manns til að neita að tjá sig eða afhenda gögn eða muni um tiltekið mál nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Ákvæðið er samhljóða 143. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um frest Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt. Lagt er til að fresturinn verði fimm ár í stað sjö líkt og í sambærilegu ákvæði 144. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, ef brotið er gegn tilgreindum ákvæðum lýsingarreglugerðarinnar. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt heimild til að taka á slíkum brotum með stjórnvaldssektum skv. 7. gr. Greinin er sambærileg 1.–4. tölul. 145. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um kæru til lögreglu. Ákvæðið er samhljóða 148. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um opinbera birtingu stjórnsýsluviðurlaga. Birtingu niðurstaðna um beitingu viðurlaga vegna brota er ætlað að tryggja bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif þeirra og stuðla að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði. Þá er birting mikilvæg leið til að upplýsa markaðsaðila um það hvaða háttsemi er andstæð lögum.

Samkvæmt 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður athugana og mála sem varða lögin. Birting samkvæmt ákvæðinu er háð því skilyrði að málið varði fjármálamarkaðinn, ógni ekki fjármálastöðugleika og valdi aðila ekki tjóni umfram það sem eðlilegt er.

Greinin tekur mið af 42. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Í greininni er gengið lengra en í 9. gr. a laga nr. 87/1998. Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu skylt að birta opinberlega

niðurstöður sínar um beitingu viðurlaga vegna brota. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta um tiltekinn tíma birtingu á nafni aðila sem tilgreindir eru í ákvörðuninni eða birta niðurstöðuna nafnlaust ef nafnabirting samræmist ekki meðalhófsreglu, birting getur stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn. Þá getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef birting er talin stofna stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaða yfirstandandi rannsókn. Með öðrum orðum kemur ekki til álita að birta ekki eingöngu vegna sjónarmiða er varða hlutaðeigandi aðila. Mat á birtingu samkvæmt framangreindu er atviksbundið og skal framkvæmt í hverju máli fyrir sig.

Fjármálaeftirlitinu ber enn fremur að birta upplýsingar þegar ákvörðun eftirlitsins um beitingu viðurlaga hefur verið afturkölluð. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið taki nýja ákvörðun í kjölfar afturköllunar eða endurupptöku máls ber Fjármálaeftirlitinu að birta slíka niðurstöðu.

Fjármálaeftirlitinu verður, eftir sem áður, heimilt að birta opinberlega niðurstöður í öðrum málum. Um slíka birtingu fer skv. 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Ákvæðið leggur þær skyldur á Fjármálaeftirlitið að uppfæra upplýsingar um niðurstöðu sem áður hefur verið birt ef aðili höfðar mál til ógildingar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt ber Fjármálaeftirlitinu að birta upplýsingar um niðurstöður slíkra dómsmála, á öllum dómsstigum. Þá kveður ákvæðið á um þann lágmarkstíma sem upplýsingarnar skulu birtast á vef Fjármálaeftirlitsins; í tilviki lögaðila eru það fimm ár en í tilviki einstaklinga birtast persónuupplýsingarnar eins lengi og talið er nauðsynlegt í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Um 19. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra og Seðlabanka Íslands verði heimilt að setja reglugerðir eða reglur sem fela í sér innleiðingu á undirgerðum lýsingarreglugerðarinnar í íslenskan rétt.

Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga. ESB hefur gefið út reglugerð um það efni, reglugerð (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, innihald, grannskoðun og samþykki lýsingar sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004.

Í 2. mgr. er Seðlabanka Íslands veitt heimild til að setja reglur sem byggjast meðal annars á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mótaðir eru af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og samþykktir af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á grundvelli lýsingarreglugerðarinnar. Í 1. tölul. 2. mgr. er lagt til að Seðlabanka Íslands verði heimilt að setja reglur um nánari útfærslu á fyrirkomulagi almenns útboðs verðbréfa sem undanþegin eru skyldu til að birta lýsingu vegna fjárhæðar útboðs skv. 3. gr. ESB hefur gefið út reglugerð (ESB) 2019/979 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lykilupplýsingar í samantekinni lýsingu, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðbætur við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301, sem lagt er til í 2.–10. tölul. 2. mgr. að Seðlabanka Íslands verði heimilt að setja reglur um.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að löggin öðlist gildi 1. apríl 2020 svo ráðherra og Seðlabanki Íslands hafi tíma til að setja reglugerð og reglur sem eru nauðsynlegur þáttur í framkvæmd laganna. Jafnframt gefst aðilum á markaði svigrúm til að laga sig að nýrri löggjöf.

Um 21. gr.

Í greininni er lagt til að tiltekin ákvæði laga um verðbréfavíðskipti falli brott þar sem þau eru tekin upp í frumvarp þetta.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að sett verði ákvæði til bráðabirgða um gildi þeirra lýsinga sem staðfestar eru í gildistíð laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, í samræmi við 3. mgr. 46. gr. lýsingarreglugerðarinnar.